



UMHVERFISSTOFNUN

## Umsóknareyðublað – Starfsleyfi fyrir urðunarstað

Samanber 13. gr. reglugerðar nr. 738/2003 um urðun úrgangs og 10. gr. reglugerðar nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.

*Nafn og kennitala umsækjanda:*

Skaftárhreppur. Kt: 480690-2069

*Staðsetning urðunarstaðar:*

Stjórnarsandur, Skaftárhreppi

*Tegundir úrgangs sem taka á við (sbr. flokkun í reglugerð nr. 184/2002 um skrá yfir spilliefni og annan úrgang):*

01 00 00

01 04 01: Úrgangsmöl og grjótmulningur

02 00 00

02 01 02: Úrgangur af dýravefjum

02 01 03: Úrgangur af plöntuvefjum

02 02 02: Úrgangur af dýravefjum: Frá fiskeldisstöð.

17 00 00 – Úrgangur frá byggingar- og niðurrifsstarfsemi (vegagerð meðtalin)

17 01 00: Steinsteypa, Múrsteinar, flísar, leir og efni sem inniheldur gifs

17 01 01: Steinsteypa

17 01 02: Múrsteinar

17 01 03: Flísar og leir

17 01 04: Byggingarefni sem inniheldur gifs

17 01 05: Byggingarefni sem inniheldur asbest

17 02 00: Viður, gler og plast

17 02 01: Viður

17 02 02: Gler

17 02 03: Plast

17 05 00: Jarðvegur og dýpkunarefni

17 05 01: Jarðvegur

17 06 02: Önnur einangrunarefni

17 07 01: Úrgangur úr blönduðu byggingar- og niðurrifsefni

19 00 00 – Úrgangur frá sorpeyðingarstöðvum, skólphreinsistöðvum og vatnsveitum.

19 01 01: Botnaska eða gjall

19 01 02: járnefni sem fjarlægð eru úr botnösku

19 08 00: úrgangur frá skólphreinsistöðvum sem ekki eru tilgreindar með öðrum hætti

19 08 01: Ristarúrgangur

19 08 02: Úrgangur úr sandfangi.

19 08 05: Eðja frá meðhöndlun á frárennsli frá sveitarfélögum

- 20 00 00 – Úrgangur frá sveitarfélögum og svipaður úrgangur frá verslunarstöðum, úr iðnaði og frá stofnunum, að meðtöldum flokkuðum úrgangi.
  - 20 01 00: Flokkaður úrgangur
    - 20 01 01: Pappír og pappi
    - 20 01 02: Gler
    - 20 01 03: Litlir plasthlutir
    - 20 01 04: Aðrir plasthlutir
    - 20 01 05: Litlir málmhlutir
    - 20 01 06: Aðrir málmhlutir
    - 20 01 07: Viður
    - 20 01 08: Lífrænn eldhúsúrgangur sem getur brotnað niður (þar með talin steikarolía eldhússúrgangur frá mótuneytum og veitingahúsum).
    - 20 01 09: Olía og fita
    - 20 01 10: Fatnaður
    - 20 01 11: Textílefni
  - 20 02 00: Úrgangur úr görðum og skrudgörðum (þar með talinn úrgangur úr kirkjugörðum)
    - 20 02 01: Úrgangur sem brotnar niður
    - 20 02 02: Jarðvegur og steinar
    - 20 02 03: Annar úrgangur sem ekki brotnar niður
  - 20 03 00: Annar úrgangur frá sveitarfélögum
    - 20 03 01: Blandaður úrgangur frá sveitarfélögum
    - 20 03 02: Úrgangur frá mörkuðum
    - 20 03 03: Rusl frá götuhreinsun
    - 20 03 04: Eðja frá rotþróum

*Magn úrgangs sem taka á við á ári (í tonnum):*

Sótt er um leyfi til urðunar á 200 tonnum á ári

*Áætluð heildarmóttökugeta urðunarstaðarins:*

5.000 tonn

*Áætlaður rekstrartími urðunarstaðarins:*

*Starfsleyfi eru jafnan gefin út til 16 ára, ef sótt er um til skemmri tíma þarf að tiltaka það hér:*

*Ef sótt er um undanþágur skv. kafla VI í reglugerð nr. 738/2003 um urðun úrgangs þarf að tiltaka það hér og skal rökstuðningur fylgja umsókninni:*

Á grundvelli þess að Skaftárhreppur fellur undir skilgreinungu um afskekkt byggð er sótt er um þær undanþágur sem um getur í kafla VI í lögum nr. 738/2003 um urðun úrgangs.

Í Skaftárhreppi var íbúafjöldi þann 1. janúar 465 samkvæmt Hagstofu Íslands og spannar sveitarfélagið alls 6.946km<sup>2</sup> (0,07 íbúar/km<sup>2</sup>) auk þess sem lengra er til næsta þéttbýlis en 50km. Skaftárhreppur uppfyllir því öll skilyrði um afskekkt byggð sem sett eru fram í reglugerð 738/2003.

Urðunarstaður Skaftárhrepps tekur eingöngu við úrgangi frá heimilum og fyrirtækjum í sveitarfélaginu auk þess sem allt heimilissorp og stór hluti af sorpi frá rekstraraðilum er flokkaður þannig að stærstur hluti endurvinnanlegra efna fer til endurvinnslu en ekki til urðunar. Umgengni er takmörkuð þar sem urðunarstaðurinn er af girtur og því er auðvelt að hafa eftirlit með því sem berst til urðunar á staðnum.

Íbúar á Kirkjubæjarklaustri flokka heimilissorp sitt í þrjár tunnur við heimili sín. Þeir flokkar sem íbúar flokka í eru; almennt sorp sem endar í sorporkustöð Skaftárhrepps, endurvinnanlegt sorp sem flokkað er frekar og sent til endurvinnslu og lífrænt sorp sem fer í jarðgerð á staðnum. Íbúar í dreifbýli flokka jafnframt í almennt sorp og endurvinnanlegt sorp en það litla sem kemur af lífrænum heimilisúrgangi frá íbúum dreifbýlis endar í sorporkustöðinni með almennu sorpi. Undanfarið hefur askan frá brennslunni verið það eina sem endar í urðun hjá sveitarfélaginu og nemur magnið alls um 25 tonnum á ári.

Af þessu má sjá að dregið hefur verulega úr því magni sem fer til urðunar á svæðinu og því er farið fram á undanþágur þær sem taldar eru upp í VI. kafla reglugerðar nr. 738/2003 um urðun úrgangs.

*Aðrar upplýsingar sem umsækjandi vill koma á framfæri:*

Fylgiskjöl með umsókn:

1. Lýsing á urðunarsvæðinu á Stjórnarsandi.
2. Viðbragðsáætlun og neyðaráætlun fyrir urðunarstaðinn á Stjórnarsandi.
3. Þéttbýlis uppdráttur úr aðalskipulagi Skaftárhrepps.
4. Svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs á starfssvæði byggðasamlagsins Hulu.

*Kirkjubæjarklaustur 17. nóv. 09*  
Staður og dagsetning

**BYGGINGARFULLTRÚINN**  
**SKAFTÁRHREPPUR**  
Undirritað f.h. umsækjanda



Skaftárhreppur

## **Tillaga að viðbragðsáætlun og neyðaráætlun vegna meðhöndlunar úrgangs á urðunarsvæði Skaftárhrepps á Stjórnarsandi.**

Starfsleyfishafi er: Skaftárhreppur.  
Klausturvegi 15  
880 Kirkjubæjarklaustri  
Kennitala: 480690-2069

### **Viðbragðsáætlun**

**Markmiðið með áætluninni er að hafa stjórn á losun úrgangs ef til óhapps kemur á móttöku- og urðunarsvæði Skaftárhrepps á Stjórnarsandi.**

Viðbragðsáætlun um aðgerðir ef mengunaróhapp verður á urðunarstaðnum er eftirfarandi:

- Ef olía eða önnur spilli- og eiturefni fara af slyzni í jarðveg skulu starfsmenn rekstraraðilar urðunarstaðarins moka menguðum jarðvegi upp við fyrsta tækifæri og setja í gám og fara með jarðveginn í viðeigandi eyðingu.
- Ef sláturúrgangur sturtast niður utan urðunarreina skal honum mokað upp auk 2-4 cm jarðvegslags þar undir og fluttur á viðeigandi stað.
- Ekki er heimilt að taka á móti mjög blautum sláturúrgangi. Ef slíkur úrgangur berst til urðunarstaðarins og urðast fyrir slyzni skal honum tafarlaust mokað upp í gám og fluttur burt á viðeigandi stað.

Dagleg starfsemi urðunarstaðarins miðast við að koma í veg fyrir mengunaróhöpp og til að draga úr afleiðingum þeirra.

Viðbragðsáætlun skal sett upp á áberandi stað í Sorporkustöð sveitarfélagsins og kynnt rekstraraðilum urðunarstaðarins.

### **Neyðaráætlun**

**Markmiðið með áætluninni er að gera varúðarráðstafanir til að koma í veg fyrir eða takmarka hugsanlegan skaða ef loka þarf urðunarstaðnum á Stjórnarsandi t.d. vegna mengunarslyss.**

Varúðarráðstafanir eru nauðsynlegar ef til lokunar eða til takmörkunar á þjónustu kemur, t.d. vegna mengunarslyss eða rekstrarstöðvun eða óhapp verði í sorporkustöð sveitarfélagsins og magn úrgangs sem kemur til urðunar á Stjórnarsand breytist verulega.

Neyðaráætlun fyrir urðunarstaðinn á Stjórnarsandi byggist á eftirfarandi:

Skaftárhreppur er aðili að byggðarsamlaginu Hulu bs. sem rekur urðunarstað á Skógasandi. Urðunarstaðurinn á Skógasandi getur tekið tímabundið á móti öllum þeim úrgangi sem nú er tekið á móti Stjórnarsandi til urðunar.



Skaftárhreppur  
Skipulags- og  
byggingarfulltrúi

## Lýsing á urðunarstaðnum á Stjórnarsandi

### **Staðsetning:**

Urðunarstaðurinn á Stjórnarsandi er í spildu úr landi Breiðabólsstaðar. Svæðið eru u.þ.b. 2,5 km. Norðaustan við þéttbýlið að Kirkjubæjarklaustri og um 300 m norðan flugbrautar á Stjórnarsandi. Heildarstærð svæðisins er um 4,7 ha. Ekki hefur verið unnið deiliskipulag fyrir urðunarstaðinn, en svæðið er afmarkað á aðalskipulagi.

### **Staðhættir:**

Um það bil 2 m háir jarðvegsgarðar með trjágróðri eru umhverfis urðunarstaðinn að norðan og vestanverðu. Sem gerir það að verkum að ekki ber mikið á svæðinu frá þjóðveginum. Einnig er urðunarstaðurinn hólfaður niður með trjágróðri í mismunandi notkunarsvæði. Urðunarsvæðið er allt afgirt.

### **Jarðfræði:**

Jarðvegur er sendinn og gegnir hlutverki náttúrlegrar síu fyrir sigvatn. Norðan við urðunarsvæðið er ræktað graslendi en að sunnan er víðlendur sandur, þar sem sést móta fyrir gömlum áburðarrákum og þar talsvert sunnar tekur síðan við dæmigerður hrossanálajaðar, sem mjög einkennir hálfgrónar sandflesjur, þar sem grunnvatn stendur hátt, enda er Skaftá skammt undan.

### **Vatnafar:**

Skaftá rennur um 600 m suðvestan við urðunarstaðinn. Grunnvatnsstaða er talsvert há á svæðinu, en miðað við umfang urðunar er ekki talin hætta á því að sigvatn valdi mikilli mengun. Það sigvatn sem rennur í Skaftá þynnist það mikið að eftir blöndun er ekki um að ræða umtalsverða mengun. Ekki eru nein vatnsból í nágrenni við urðunarstaðinn. Ekki er talinn hætta á að neysluvatn eða önnur mikilvæg vatnsból mengist vegna urðunarinnar. Nægjanlega stórir viðtakar til þynningar á sigvatni eru til staðar í nágrenni urðunarstaðarins

### **Gróður og dýralíf:**

Urðunarsvæðið og nánasta umhverfi var áður nakinn og fínn foksandur en nú er um 75% af því gróið. Plöntutegundir á svæðinu eru einkum grastegundir. Á svæðinu er talsverð umferð fugla, einkum sunnan við urðunarsvæðið. Ekki er kunnugt um neinar sjaldgæfar fuglategundir, sem halda til á þessum afmarkaða stað.